

# Tilboð til hluthafa í Skýrr hf.

Í kjölfar þess að Opin Kerfi Group hf. hefur eignast yfir 70% í Skýrr hf. hefur stjórn Opinna Kerfa Group ákveðið að gera yfirtökutilboð í alla aðra hluti Skýrr sem ekki eru fyrir í eigu þess eða dótturfélags þess, Opin Kerfi Eignarhaldsfélag ehf. Opin Kerfi Group býður því öðrum hluthöfum Skýrr að kaupa hluti þeirra í félaginu gegn greiðslu með hlutum í Opnum Kerfum Group. Tilboðið er gert með hliðsjón af 37. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti og 6. gr. reglugerðar nr. 432/1999 um yfirtökutilboð þó svo ekki hafi stofnast skylda til yfirtökutilboðs skv. lögnum.

Öllum hluthöfum skv. hlutaskrá Skýrr í lok mánudagsins 7. júlí 2003, verður sent tilboðsyfirlit ásamt eyðublaði til samþykkis tilboði. Gögnin er einnig hægt að nálgast hjá Íslandsbanka hf., 3. hæð, Kirkjusandi, Reykjavík og á vefsíðu bankans [www.isb.is](http://www.isb.is).

## Tilboðsverð og greiðsluskilmálar

Verð samkvæmt tilboði þessu miðast við gengið 6,5 fyrir hverja krónu nafnverðs hlutafjár í Skýrr. Hlutaféð verður greitt með afhendingu nýrra hluta í Opnum Kerfum Group. Skiptigengið er 0,326983 kr. hlutafjár í Opnum Kerfum Group á móti 1 kr. hlutafjár í Skýrr. Kaup hlutafjárins samsvara hæsta gengi sem Opin Kerfi Group hefur greitt fyrir hluti í félaginu síðastliðna sex mánuði. Tilboðið er gert með fyrirvara um samþykki hluthafafundar Opinna Kerfa Group, en nánar er greint frá fyrirvara í tilboðsyfirliti.

## Gildistími tilboðsins

Tilboð þetta gildir frá 12. júlí 2003 til mánudagsins 11. ágúst 2003 kl. 16:00. Samþykki tilboðsins verður að hafa borist fyrir þann tíma til Íslandsbanka hf., 3. hæð, Kirkjusandi, 155 Reykjavík.

## Umsjónaraðili

Íslandsbanki hf., kt. 550500-3530, fyrirtækjapróun, Kirkjusandi, 155 Reykjavík, hefur umsjón með tilboði þessu fyrir hönd Opinna Kerfa Group.

**OPIN KERFI**

**Skýrr**



ÍSLANDBANKI